BESTU RÁÐIN

ÚTBÚNAÐURINN ÞARF EKKI AÐ VERA DÝR, HANN ÞARF AÐ VERA RÉTTUR >> 18

Allir í leikhús

GOSI >> 33

Leikhúsin í landinu

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913 | 101. TBL. 96. ÁRG. MÁNUDAGUR 14. APRÍL 2008 LANDSPRENT EHF. | mbl.is

Aðstaða Hjólamenn líkja aðstöðuleysinu við stöðu hestamanna fyrir 20-30 árum.

Slóðanet fyrir torfæruhjól

Vilja auka umhverfisfræðslu í ökunámi

FRÉTTASKÝRING

Eftir Rúnar Pálmason
runarp@mbl.is

Í NÝLEGUM tillögum torfæruhjólamanna er lagt til að Vegagerðin fjölgi skilgreiningum sínum á fjallvegum um tvær en það myndi m.a. þýða að á skilgreindum stígum yrði leyfilegt fyrir mótorhjól að aka eftir einstigi sem ekki er fært bifreiðum, heldur einungis mótorhjólum, hestum og göngufólki. Í sumum tilfellum gæti það þýtt að réttur hjólamanna til að fara eftir gömlum kindagötum yrði viðurkenndur. Þeir segja að aðeins í örfáum tilvikum yrði að leggja nýja slóða, slóðarnir séu þegar fyrir hendi en vegna réttaróvissu líði löghlýðnum mótorhjólamönnum ekki vel að nota þá.

Þessar tillögur koma fram í stöðumatsskýrslu sem vinnuhópur torfæruhjólamanna, Umhverfisstofnunar, Landverndar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vann og skilaði til umhverfisráðherra. Ekki náðist samstaða um tillögurnar í hópnum, enda er málefnið mjög umdeilt og því voru tillögurnar eingöngu settar fram í nafni mótorhjólamanna.

Eins og hestamenn áður

Jakob Þór Guðbjartsson og Gunnar Bjarnason, hjólamenn sem sátu í vinnuhópnum, líkja aðstöðuleysi torfæruhjólamanna við stöðu hestamanna á höfuðborgarsvæðinu fyrir 20-30 árum. Þá hafi vantað reiðstíga og úr því orðið margvíslegur núningur milli þeirra og ökumanna enda hafi hestamenn þurft að ríða eftir akvegum. Þetta hafi nánast hætt eftir að átak var gert í lagningu reiðstíga. Hið sama muni gerast fáist stjórnvöld til að setjast niður með hjólamönnum og skipuleggja slóðanet fyrir torfæruhjól, utanvegaakstur muni nánast hverfa. Veita þurfi hjólamönnum aðgang að grófum, torfærum stígum á láglendi sem hálendi enda sé hálendið lokað stærstan hluta ársins. Gríðarleg fjölgun hefur orðið á torfæruhjólum undanfarin ár og segja þeir að nú séu um 7.000 torfæruhjól og fjórhjól í landinu. Eigendur þessara hjóla aka aðeins að litlu leyti í almennri umferð en samt sem áður miðast ökunámið að mestu við akstur í umferð. Í skýrslunni er lagt til að þessu verði breytt og fræðsla og upplýsingar um leyfilega notkun og umgengni við náttúruna verði aukin. | 11

Morgunblaðið/Jón Sigurðsson

Einn fórst í eldsvoða

KARLMAÐUR fórst í eldsvoða í raðhúsi við Skúlabraut á Blönduósi á sunnudagsmorgun.

Tilkynnt var um eldsvoðann kl. 6.15 og lagði mikinn og þykkan reyk úr íbúð mannsins sem er mjög skemmd og jafnvel talin ónýt eftir eldinn.

Mikill hiti var af eldinum en slökkvistarf gekk vel. Voru næstu íbúðir reykræstar.

Maðurinn sem lést hét Björn Kristjánsson og var 48 ára. Hann lætur eftir sig tvo uppkomna syni.

Upptök eldsins eru ókunn.

Skyndibiti og dót fylgja með barnaefninu

■ Meirihluti andvígur auglýsingum fyrir börn

■ Skyndibitaauglýsingar algengari hjá RÚV en Stöð 2

Eftir Bjarna Ólafsson
bjarni@mbl.is

STÓR hluti auglýsinga í kringum barnatíma sjónvarpsstöðvanna er fyrir skyndibita eða sykraðar mat- og drykkjarvörur, en þetta kom meðal annars fram í máli Elfu Ýrar Gylfadóttur, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, á málþingi um nýja sjónvarpstilskipun ESB fyrir skömmu. Greindi hún þar meðal annars frá niðurstöðum skoðanakönnunar og rannsóknar sem unnin var af Capacent Gallup fyrir ráðuneytið þar sem leitað var annars vegar eftir skoðunum um auglýsingar í sjónvarpi og hins vegar athugað hvað auglýst væri í kringum barnatíma sjónvarpsstöðvanna. Leiddi könnunin m.a. í ljós að ríflega 60% landsmanna eru andvíg því að leyfa auglýsingar sem beint er að börnum.

Elfa segir að samkvæmt nýrri tilskipun ESB sé einstökum löndum falinn ákveðinn sveigjanleiki hvað varði vöruísetningu (e. product placement), en takmarkanir séu hins vegar settar. Vöruísetning má til að mynda ekki vera í fréttum eða barnatímum og þá verður að koma skýrt fram að sjónvarpsefnið sé kostað með þessum hætti.

Á móti óhollum auglýsingum

„Við vildum kanna hvaða skoðanir almenningur hefði á málinu enda verður að vinna rannsóknarvinnu áður en farið er í lagasetningu. Það er ekki hægt að haga lagasetningu eftir hyggjuvitinu einu saman.“

Elfa segir langflesta þátttakendur í könnuninni vera á móti auglýsingum sem beint sé að börnum. „Það eru einkum auglýsingar fyrir sælgæti og skyndibita sem fólk vill takmarka en á móti kemur að fólk er síður á móti auglýsingum fyrir hollari vörur eða þjónustu.“ Segir Elfa að í tilskipuninni sé opnað fyrir það að hagsmunaaðilar á markaði, auglýsendur og fjölmiðlar, setji sér sjálfir reglur um þessi mál og sé efni reglnanna undir einstökum ríkjum komið.

„Við létum athuga hvað verið væri að auglýsa í kringum barnatíma hjá sjónvarpsstöðvunum og kom þá í ljós að mun minna var af auglýsingum í kringum barnaefni en við bjuggumst við. Hins vegar voru tæplega 50% auglýsinga í kringum barnatíma á RÚV fyrir skyndibita og sælgæti en hjá Stöð 2 var hlutfallið um 25% þrátt fyrir að þar væri meira um auglýsingar.“

Rannsókn Capacent á auglýsingum í kringum barnaefni

	Stöð 2 Fjöldi	RÚV Fjöldi
Skyndibiti/sykraðar mat- og drykkjarvörur	21	35
Leikfangaverslanir	56	32
Annað	9	7
Samtals	86	74
Kostun		
Coca Cola	7	
McDonalds	6	
Pepsi Max	9	
Pizzeria Rizzo	1	
Samtals	23	

Heimild: Menntamálaráðuneytið

Pólverjar hafa áhyggjur

■ Mál eftirlýsts manns í höndum pólskra saksóknara ■ Beðið ákvörðunar um handtökuskipun ■ Pólverjar vöktu sjálfir athygli lögreglu á veru hans hér

RÆÐISMAÐUR Póllands vakti fyrstur, ásamt öðrum Pólverja, athygli lögreglunnar á því að samlandi þeirra, sem eftirlýstur væri af pólskum yfirvöldum vegna gruns um aðild að morði, væri staddur hér á landi.

Michal Sikorski, ræðismaður, sagði í samtali við Morgunblaðið að hinn eftirlýsti hefði ráðist á samlanda sinn, en samkvæmt pólskum fjölmiðlum munu þeir hafa verið saman í fangelsi í Póllandi.

Sagðist Sikorski hafa talað við hinn eftirlýsta í gærkvöldi og hann hygðist gefa sig fram við lögreglu í dag, enda væri honum umhugað um að koma því á hreint að hann væri ekki á flótta.

„Ég hef rætt við fjölda Pólverja hér á landi undanfarið og hafa þeir af því áhyggjur að vafasamir einstaklingar komi hingað til lands frá Póllandi. Þeir vita að slíkir einstaklingar koma illu orði á alla Pólverja auk þess sem þeir leggjast gjarnan á samlanda sína.“

Segir Sikorski að hópur Pólverja hafi hafið söfnun undirskrifta þar sem óskað sé eftir því að íslensk yfirvöld veiti ekki pólskum glæpamönnum dvalar- og atvinnuleyfi.

Hinn eftirlýsti er, samkvæmt fréttum í pólskum fjölmiðlum, í tengslum við hóp sem lögregluyfirvöld þar í landi gruna um að hafa myrt mann úr öðru glæpagengi með sveðjum. Sami hópur er einnig grunaður um eiturlyfjasölu, líkamsárásir og mansal. | 4

FRÉTTIR

Einstigi eða mótorhjólaslóði?

■ Vilja að skipulagðir verði sérstakir slóðar á láglendi og hálendi fyrir akstur torfærumótorhjóla víða um land ■ Með því verði bæði dregið úr utanvegaakstri og komið í veg fyrir árekstra við aðra útivistarhópa

Eftir Rúnar Pálmason
runarp@mbl.is

Ekki hraði og drulla Erlendar kannanir sýna að torfæruhjólamenn vilja aka eftir erfiðum vegum og torleiði, í ósnortinni náttúru, gjarnan eftir einstigi sem oft er bara eitt hjólfar, en séu hvorki að leita eftir miklum hraða né drullu, eins og sumir virðist halda. Jakob Þór Guðbjartsson er annar frá vinstri.

MARGIR munu sjálfsagt telja þær róttækar, tillögurnar sem meðlimir í umhverfisnefnd Mótorhjóla- og snjósleðasambandsins Íslands lögðu fyrir umhverfisráðherra í nýlegri skýrslu en þar er m.a. lagt til að skilgreining Vegagerðarinnar á vegum verði útvíkkuð þannig að hún nái til slóða sem séu ekki færir bílum heldur eingöngu hjólum, hestum eða göngufólki. Þetta þýðir m.a. að einstigi, t.d. gamlar kinda götur eða aðrar mjóar götur sem hafa myndast í gegnum árin geti í sumum tilfellum verið flokkaður sem vegur eða öllu heldur sem slóði fyrir mótorhjól.

Gunnar Bjarnason

Gunnar Bjarnason og Jakob Þór Guðbjartsson, tveir þeirra sem skrifuðu tillögur mótorhjólamanna, segja að tillögurnar miði að því að draga úr utanvegaakstri og koma skipulagi á akstur torfærumótorhjóla. Þeir segja að þær aðferðir sem stjórnvöld hafi beitt hingað til hafi augljóslega ekki virkað og það þýði ekki lengur að berja höfðinu við steininn.

Í landinu séu um 7.000 torfæruhjól og fjórhjól og brýnt sé að eigendur þeirra fái aðgang að skipulögðum slóðum, bæði á hálendi og láglendi. Það sé staðreynd að farið sé á torfæruhjólum mun víðar en stjórnvöld vilja og slíkur akstur muni ekki hætta þótt sett verði frekari boð og bönn eða eftirlit hert. Betra sé að skipuleggja slóða og koma þannig í veg fyrir að menn haldi af stað í leit að nýjum leiðum eða fái óljósar upplýsingar um slóða frá kunningjum og vinum.

Bolaalda dugar hvergi

Ekki er langt síðan Vélhjólaíþróttafélagið VÍK opnaði stóra aksturssbraut fyrir torfærumótorhjól í Bolaöldu, við Jósepsdal, en þar með var margra ára baráttumál félagsins í höfn.

Þeir Gunnar og Jakob Þór segja báðir að mikil bylting hafi orðið með opnun Bolaöldubrautarinnar en hún dugi hvergi nærri til. „Bolaalda er bara lausn fyrir lítinn hluta hópsins," segir Gunnar.

Þeir segja að gera verði skýran greinarmun á þeim mótorhjólamönnum sem stunda aksturinn nær eingöngu sem íþrótt, en það sé minnihluti hjólamanna, og hinna sem noti hjólin einkum og aðallega í styttri og lengri ferðir um landið. Bolaalda henti fyrrnefnda hópnum vel en gagnist hinum hópnum lítið. Bolalda sé í raun sambærileg við skeiðvöll hestamanna. Það henti tamningamönnum og keppnismönnum ágætlega að ríða í hringi á skeiðvelli til að þjálfa ákveðnar gangtegundir en flestir hestamenn vilji frekar ríða eftir reiðvegum, úti í náttúrunni. Reiðmenn hafi aðgang að víðtæku slóðaneti en lítið sé um slóða sem yfirvöld viðurkenni að hjólamenn megi fara um.

Gunnar og Jakob Þór segja að það hafi staðið framförum í þessum málaflokki fyrir þrifum að yfirvöld hafi hingað til sýnt lítinn áhuga á að kynna sér notkun torfæruhjóla og þær þarfir sem eigendur þeirra hafa. Þessar þarfir hópsins verði hins vegar að vera ráðamönnum ljósar, vilji þeir í raun og veru draga úr utanvegaakstri.

Þeir benda á að kannanir erlendis hafi sýnt að torfæruhjólamenn vilji aka eftir erfiðum vegum og torleiðum, í ósnortinni náttúru, gjarnan eftir einstigi sem oft er bara eitt hjólfar, en séu hvorki að leita eftir miklum hraða eða drullu, eins og sumir virðist halda. Meðalhraði í hjólaferðum sé oft í kringum 10-20 km/klst. Torfærumótorhjólamenn hafi ekki áhuga á að þeysast eftir venjulegum vegum, hvort sem þeir séu á hálendinu eða ekki og alls ekki á uppbyggðum malbikuðum vegum. Þá hafi hjólamenn ekki áhuga á utanvegaakstri, fyrir utan einstaka svartan sauð sem illa gangi að losna við úr íþróttinni. Þetta sjáist vel á Bolaöldusvæðinu en þar sé slóðunum fylgt í þaula en aðeins örfá dæmi um akstur utan þeirra. „Þar sem er slóði, þar er honum fylgt," segir Gunnar.

Slóðanet í alla landshluta

Þeir leggja því til að hafin verði skipulagsvinna sem miðar að því að ákveða hvar torfæruhjól mega aka fyrir utan hefðbundna vegi og í sumum tilfellum stika út fyrir nýjum slóðum. Gert verði slóðanet sem nái til allra landshluta og það verði ekki einungis opið svonefndum Endurómótorhjólum sem hafa leyfi til að aka í umferðinni heldur einnig mótokrosshjólum sem hafi hingað til aðeins mátt nota á afmörkuðum svæðum. Í skýrslunni er síðan fjallað ítarlega um hvaða skilyrði mótokrosshjólin þurfa að uppfylla, m.a. með tilliti til hávaðavarna, aksturslýsa o.fl.

Gunnar og Jakob Þór segja að með þessu móti verði komið skipulagi á akstur torfærumótorhjólamanna sem sé mun betra en núverandi ástand. Og þeir telja að akstur mótorhjólamanna eftir slíkum slóðum þyrfti ekki að trufla aðra útivistarhópa, s.s. hestamenn eða gönguföik. Árekstrar milli þessara hópa eigi sér fyrst og fremst stað í námunda við höfuðborgarsvæðið en sé mun minna vandamál þegar fjær dregur borginni.

Utanvega en skemma ekki

Eins og fyrr segir leggja mótorhjólamenn til að þeim verði, í ákveðnum tilfellum, leyft að aka eftir einstigi. Utanvegaakstur er bannaður en líta hjólamenn svo á að einstigi sé vegur?

Jakob Þór segir að menn verði klárlega að gera greinarmun á einstigi sem ekið hefur verið svo áratugum skiptir og hefð hefur skapast í kringum og öðru einstigi sem aldrei er ekið og á ekki að vera ekið. „Því má líta á einstigi sem þröngan veg. Við fordæmum hins vegar öll landspjöll og akstur utan vega," segir hann og bætir við að það sé alls ekki svo að hjólamenn líti svo á að það sé í lagi að aka eftir öllu einstigi.

Aðspurður segir Jakob að fjórhjól geti ekki ekið eftir einstigi, það liggi í hlutarins eðli.

Þeir Jakob Þór og Gunnar segja líka að það sé ósanngjarnt að einblína eingöngu á mótorhjólamenn í umræðu um landsskemmdir af völdum ferðafólks og Gunnar bendir m.a. á að Álftakrókur á Laugaveginum svonefnda sé orðinn hálfgert flag af völdum gönguföiks og víða megi finna ljót sár eftir hrossahópa. „Ef þetta hefðu verið mótorhjól væru menn alveg brjáláðir," segir hann. Þetta sé tvískinnungur og valdi því að hjólamenn upplifi sem þeir séu beittir órétti.

Mosfellsheiði og Sandvík tilvalin svæði

MEÐAL þeirra svæða sem þeir Gunnar og Jakob Þór benda á að séu tilvalin fyrir slóða fyrir torfærumótorhjól eru Mosfellsheiði og Sandvík á Reykjanesi. Gunnar segir á að Mosfellsheiði sé sáralítið gengin en um leið frábært svæði fyrir hjólamenn. Ástæðan sé m.a. sú að heiðin sé mikil snjóakista og á sumrin séu þar víða þurrir árfarvegir sem hægt sé að aka eftir án þess að valda landspjöllum. Sandvík á Reykjanesi sé dæmi um svæði sem henti vel til aksturs, því það sé þurrt mestallt árið. Hjólamenn hafi reyndar ekið þarna árum saman, þó að óvíst sé um rétt þeirra til þess.

Fari frá svæðinu við Helgafell

Allt öðru máli gegnir um Helgafell, ofan Hafnarfjarðar, og svæðið þar um kring. Þetta er bæði vinsælt útivistarsvæði og vatnsverndarsvæði Hafnfirðinga og bæði Gunnar og Jakob Þór segja að hjólamenn ættu að halda sig þar fjarri og hið sama gildi raunar um fleiri staði á Reykjanesi s.s. Sveifluháls, einnig Hengilssvæðið og dalina ofan Hveragerðis. En þá verði líka að vera hægt að benda mótorhjólamönnum á einhver önnur svæði til að nota í staðinn.

Í HNOTSKURN

» **Gunnar og Jakob Þór sátu í vinnuhópi sem vann skýrslu, stöðumat, ásamt m.a. fulltrúa Landverndar og Umhverfisstofnunar.**

» **Vinnuhópurinn náði ekki saman um tillögur heldur voru þær eingöngu settar fram í nafni mótorhjólamanna.**

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2008

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 14. apríl 2008 kl. 17 í Hvammi á Grand Hótel.

Dagskrá fundarins:
1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Önnur mál.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 9. mars 2008
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

www.live.is Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is